

Jazzhátíð Garðabæjar 22.-24. apríl 2021

Jazzhátíð Garðabæjar verður haldin í 15. sinn dagana 22.-24. apríl nk. Hátíðin er haldin er á vegum menningar- og safnanefndar Garðabæjar en listrænn stjórnandi hefur frá upphafi verið Sigurður Flosason. Eins og áður skartar hátíðin fjölbreyttu úrvali íslenskra jazztónlistarmanna af ýmsum kynslóðum og boðið verður upp á ólík stílbrigði jazztónlistar. Vegna yfirstandandi ástands verður hátíðin með nokkuð öðru sniði en venjulega; fernir streymistónleikar verða haldnir í sal Tónlistarskólans í Garðabæ að öllum líkindum án áheyrenda á staðnum.

Sumardagurinn fyrsti, 22.4. kl 20

Sálgæslan og gestir

Andrea Gylfadóttir: söngur

KK: söngur

Jógvan Hansen: Söngur

Rebekka Blöndal: Söngur

Sigurður Flosason: Saxófónn

Þórir Baldursson: Hammond orgel

Andrés Þór Gunnlaugsson: Gítar

Einar Scheving: Trommur

Blús, jazz og soul mætast í gáskafullum lögum og textum Sigurðar Flosasonar sem komu út á plötunni „Blásýru“ nú fyrir síðustu jól. Einvalalið söngvara og hljóðfæraleikara flytur.

Föstudagurinn 23.4. kl 20

Kvintett Jóels Pálssonar

Jóel Pálsson: Saxófónn

Ari Bragi Kárason: Trompet

Eyþór Gunnarsson: Hljómborð

Tómas Jónsson: Hljómborð

Einar Scheving: Trommur

Jóel og félagar fagnar afmæli plötunnar „Horn“ en hún kom út fyrir sléttum 10 árum, fékk einróma lof gagnrýnenda og hlaut m.a. íslensku tónlistarverðlaunin sem “plata ársins” í jazzflotkki. Tónlistin sem flutt er af einvalaliði tónlistarmanna er hún er öll eftir Jóel sem hann var tilnefndur til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs fyrir verkið.

Laugardagurinn 24.4 kl 15

Sigmar Matthíasson - Meridian Metaphor

Haukur Gröndal: Klarinett

Ásgeir Ásgeirsson: Oud

Ingi Bjarni Skúlason: Píanó

Sigmar Þór Matthíasson: Kontrabassi

Matthías Hemstock: Trommur

Í apríl kemur út ný og spennandi hljómplata Sigmars með sem er undir miklum áhrifum frá austrænni heimstónlist sem blandast við nútímalegan jazz á áhugaverðan hátt.

Laugardagurinn 24.4. kl 20

ADHD

Óskar Guðjónsson: Saxófónn

Ómar Guðjónsson: Gítar

Tómas Jónsson: Hammond orgel

Magnús Tryggvason Eliassen: Trommur

ADHD flokkurinn hefur átt frábæru gengi að fagna undanfarin ár. Þeir hafa leikið mikið bæði heima og erlendis og eru nú að gefa út sína áttundu plötu; ADHD 8